

Yfirskrift	Stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 01 2018	1	Dagsetning	25. janúar 2018	Tími	12:00 – 13:15
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	JÁJ				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, (ISS), ÁG, MG, (MH), KLÁ, EB (gegnum fjarfundabúnað) og (JÁJ).				
Fylgiskjöl	1. Drög að breytingum á lögum FFR				
Vistun gagna	JÁJ				

Dagskrá stjórnarfundar FFR 25. janúar 2018

1. Framhaldsaðalfundur FFR

Samþykkt var að boða til framhaldsaðalfundar sem verður haldinn 16. febrúar nk. á Grand Hótel. Ákveða þarf dagskrá fundarins og senda lagabreytingatillögur til félagsmanna eigi síðar en 2 vikum fyrir fundinn.

2. Fjármál FFR

Kristín Linda, gjaldkeri félagsins, fór yfir stöðu reikninga félagsins. Samþykkt var að Jóhanna spyrjist fyrir um tilteknar millifærslur hjá fjársýslu ríkisins. Samþykkt var að Jóhanna og Kristín Linda búi til verkferla vegna greiðslu reikninga. Þá var samþykkt að Jóhanna reikni laun sín og sendi þá útreikninga til Kristínar Lindu og Halldórs til samþykktar, og skili síðan skilagreinum vegna launavinnslu að fengnu samþykki.

3. Vinna við lög FFR

Farið var yfir drög að breytingum á lögum FFR og greinargerð, sem samþykkt var að búa til á síðasta fundi. Farið var yfir breytingarnar, breytt og bætt. JÁJ býr til nýtt skjal og sendir á stjórnarmenn til samþykktar.

4. Starfskjaranefnd

Rætt var um að stjórn skipi starfshóp um tiltekin mál og að JÁJ verði tengiliður milli stjórnar og starfshóps. Samþykkt var að spyrja félagsmenn um leið og fundarboð til framhaldsaðalfundar er sent til þeirra hvort að einhverjir væri tilbúnir til að koma í þessu vinnu.

5. KMR

KLÁ og BK gerðu grein fyrir síðasta fundi FFR með KMR. KLÁ fór yfir hugmyndir KMR um stjórnendastefnu. Rætt var um hreyfanleika, embættisbústaði og starfskjör forstöðumanna. Hvað segja erlendar rannsóknir um hreyfanleika embættismanna ?

6. Önnur mál og næsti fundur

Rætt var um upptökur af fundum sem settar eru á YouTube og hvort þær eigi að vera opnar eða lokaðar.

Rætt var um hvort að ráða eigi utanaðkomandi sérfræðinga vegna þeirrar vinnu sem framundan er, þ.e. Strategíu. Jóhanna hittir Guðrúnu í næstu viku til að fara yfir það sem búið er að gera og hvað framundan er.